

Ed.

382. Frumvarp til laga

um einkaleyfi fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyja til skipaafgreiðslu í Vestmannaeyjum.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja, fyrir hönd hafnarsjóðs, er heimilt að taka í sínar hendur alla skipaafgreiðslu í Vestmannaeyjum, og er þá engum öðrum heimilt að annast þau störf.

2. gr.

Nú hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja notfært sér heimild 1. gr., og skulu þá uppskipunar- og framskipunargjöld ákveðin með sérstakri gjaldskrá, er áttvinnu-málaráðherra staðfestir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og getur þá bæjarstjórn Vestmannaeyja með þriggja mánaða fyrirvara, hvenær sem er, tekið alla skipaafgreiðslu í Vestmannaeyjum í sínar hendur.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk bæjarstjórnar Vestmannaeyja, og lét hún fylgja því eftirfarandi greinargerð:

Því mun svo varið með Vestmannaeyjar, sem og aðra bæi á landinu, að lítið er um tekjustofna til þess að standa straum af nauðsynlegum framkvæmdum, og er frumvarp þetta flutt í því augnamiði að skapa Vestmannaeyjahöfn aðstöðu til tekjuöflunar eftir nýrri leið. Má í því sambandi benda á, að Vestmannaeyjahöfn hefur alltaf of litlar tekjur, miðað við þarfir, enda er höfnin mjög fjárfrek, að því er viðhald og framkvæmdir snertir. Til þess hins vegar að fyrirbyggja misnotkun þeirra réttinda, sem hafnarsjóður fengi með samþykkt frumvarpsins, er ákvæðið um, að staðfestingar stjórnarráðsins þurfi með varðandi afgreiðslutaxta.

Skipaafgreiðsla í Vestmannaeyjum er nú í höndum einstakra manna eða fyrirtækja, sem að öðru leyti hafa með höndum viðtækan atvinnurekstur annan, en hins vegar eðlilegt, að hafnarsjóður hafi þær tekjur, sem fengizt geta af afgreiðslu skipa við höfnina, sem byggð er og haldið við af bæ og ríki.

Fylgiskjal.

Útskrift úr gerðabók bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Árið 1945, þriðjudaginn 29. maí, var haldinn almennur fundur í bæjarstjórn Vestmannaeyja í samkomuhúsi Ve. hér í bænum, og hófst hann kl. 2 e. h.

Til fundarins hafði verið boðað með uppfestum auglýsingum og með því að senda fulltrúum dagskrár.

Mættir voru: Sveinn Guðmundsson, Einar Sigurðsson, Guðlaugur Hansson, Páll Þorbjörnsson, Ársæll Sveinsson, Ástþór Matthíasson, Sighvatur Bjarnason, Guðlaugur Gíslason, Árni Guðmundsson.

Fyrir var tekið:

.....

3. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 11. maí s. l.

4. liður. Í sambandi við þennan lið kom fram svo hljóðandi tillaga frá Árna Guðmundssyni:

„Í áframhaldi af ákvörðun hafnarnefndar þess efnis, að hafnarsjóður annist lóðsflutninga á eigin bát, samþykkir bæjarstjórn að leita heimildar til, að hafnarsjóður fái að taka í sínar hendur alla skipaafgreiðslu við höfnina.“

Samþykkt með 5 atkv. gegn 2.

.....

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Sveinn Guðmundsson. Árni Guðmundsson. Einar Sigurðsson. Ársæll Sveinsson. Ástþór Matthíasson. Guðlaugur Hansson. Guðlaugur Gíslason. Sighvatur Bjarnason.

Rétta útskrift staðfestir:

Ó. Á. Kristjánsson.